

Í árslok 1988 var yfirdráttur á ofangreindum reikningum sem hér segir:

Hlr. 35217	363,8 millj.
Hlr. 35314	5,2 millj.
	<hr/>
	369,0 millj.

Reykjavík, 28. desember 1989
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins
Árni Kolbeinsson,
 formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit Verðjöfnunarsjóðs 1988 höfum við endurskoðað. Innstæður og skuldir sjóðsins í árslok 1988 hafa verið sannreyndar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu að teknu tilliti til meðfylgjandi skýringa með því.

Reykjavík, 28. desember 1989

Stefán Svavarsson,
 löggiltur endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
 aðalendurskoðandi
 Seðlabanka Íslands.

16. febrúar 1990

Nr. 94

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:	Kr.
a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði	686,40
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð	
b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns	41,60
c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns	77,00
d) Gjald fyrir lokun og enduropnun	1 372,80

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 686,40

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	92 877,00 kr.
300– 2 000 m ³	92 877,00 kr. fyrir 300 m ³ og 85,20 kr/m ³ þar yfir
2 000– 6 000 m ³	237 963,00 kr. fyrir 2 000 m ³ og 67,80 kr/m ³ þar yfir
6 000–10 000 m ³	509 061,00 kr. fyrir 6 000 m ³ og 55,20 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	729 956,00 kr. fyrir 10 000 m ³ og 47,75 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 9 492,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. febrúar 1990 164,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samín er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. mars 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 549, 21. nóvember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 16. febrúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. febrúar 1990 staðfest upprátt af aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988–2008.

Uppráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Skeiðahrepps í Arnassýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.